



## 1187. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 13. mars 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Oddur Gunnar Jónsson sviðsstjóri, Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir félagslega kjörnir skoðunarmenn VR, Theódór Ingi Pálmason og Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðendur frá KPMG.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1186. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1186. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Ársreikningur 2018

Gestur fundarins, Oddur Gunnar Jónsson sviðsstjóri, lagði fram skjölin; „Ársreikningur VR 2018 – samanburður við áætlun“, „Ársreikningur samstæða VR 2018 – stjórn“ og „Lykiltölur VR 2018“ og fór yfir samantekið efni þeirra á slæðum.

Í máli Odds Gunnars kom m.a. fram að afgreiðslur haldi áfram að vaxa en símtölum til félagsins að fækka á móti. Heimsóknir á vef félagsins vr.is aukast mjög milli ára eða um 33,7% og fjöldi sem notar Mínar síður eykst um 15,9%. Þá er talsverð aukning í afgreiðslum styrkja úr VR varasjóði eða aukning um 37,3%.

Félagsmönnum VR er að fjölga og var fjölgunin 2,3% á árinu 2018 og um áramót voru þeir orðnir 36.029. Mikil aukning er í nýtingu orlofshúsa eða 59,9% og aukning í afgreiðslum hjá VIRK og starfsmenntasjóðum.

Næst fór Oddur Gunnar yfir rekstrartekjur og sagði að iðgjaldatekjur hafi hækkað um rúm 7% eða 251 milljón króna, einnig hafi tekjur vegna orlofsþjónustu hækkað um tæp 9% eða 23 milljónir króna og sé það helst vegna fjölgunar húsa og sölu gjafakorta flugfélaga. Þá sýndi hann þróun tekna per félagsmann á verðlagi ársins 2018 og hafa þær hækkað um 30. þúsund kr. eða 33% frá árinu 2012.



Sigríður Lovísa og Agnes Erna mæta hér til fundar kl. 17:40

Varðandi rekstrargjöld hefur verið mikil hækkun greiðslu sjúkradagpeninga og styrkja úr VR varasjóði sem nemur 538 milljónum króna eða 36,8% en aðrir liðir hækka um 170 milljónir króna og auk þess var stöðugildum fjölgað um tvo. Þá sýndi hann þróun skiptingar sjúkradagpeninga á flokka þar sem eins og áður er mest aukning í flokki geðraskana auk talsverðrar aukningar í flokki stoðkerfa. Hin mikla aukning í þessum greiðslum síðustu ár þýðir að hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum hefur aukist mjög eða úr 47% í 88% frá 2007 til ársins 2018 þ.e. um rúmlega 40%.

Einnig hafa aukist útgreiðslur úr VR varasjóði eða sem nemur 7,3% milli ára og eftir sem áður er það mest sem er greitt vegna forvarna/líkamsrækt.

Þá ræddi hann næst fjármagnsliði og sýndi þróun ávöxtunar verðbréfasafna VR frá árinu 2012 en ávöxtun lækkar verulega milli áráanna 2017 og 2018. Nú vill svo til að í fyrsta sinn er niðurstaða rekstrar án fjármagnsliða neikvæð þ.e. um 61,6 milljónir króna á tímabilinu, lækkar um 408 milljónir kr. milli ára og tekjur til ráðstöfunar á árinu 2018 lækka um 582 milljónir króna.

Þá fór Oddur Gunnar yfir rekstur sjóða VR en félagssjóður er nú neikvæður einkum vegna aukins framlags í VR varasjóð og er Sjúkrasjóður VR einnig neikvæður án fjármagnsliða. Í framhaldi af þessu fór hann yfir skiptingu eigna sem eru 12,7 milljarðar króna árið 2018 þar sem verðbréfasöfn eru langstærsti hluti eignasafns og fer hlutfallslega vaxandi. Fjárfestingar voru vegna endurbóta á skrifstofuhúsnæði í Reykavík og á Akranesi auk ýmissa endurbóta á orlofshúsum og kaupa á húsum, bifreið og tækjum. Meðalfjárfesting síðustu sjö ára hefur verið 185 milljónir króna á ári. Varðandi verðbréfasöfn og fjárfestingastefnu sagði hann óverulegar breytingar hafi orðið á en ríkistryggð bréf eru stærsti hluti safnsins. Eiginfjárlutfall er 96% í árslok 2018 og hefur það verið svipað síðustu árin og óverulegar breytingar hafa verið á skuldafni einnig.

Oddur Gunnar fór nú yfir tillögu að framlagi í VR varasjóð vegna ársins 2018 sem eru 785 milljónir króna og því til viðbótar aukaframlag vegna ársins 2017 að fjárhæð 8,3 milljónir króna. Skipting þess milli sjóða væri þannig:

Félagssjóður: 557 milljónir króna

Sjúkrasjóður: 40 milljónir króna

Orlofssjóður: 188 milljónir króna

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar ársreikning VR eins og hann var nú lagður fram og kynntur.

Samþykkt samhljóða.

Lét Ragnar Þór í framhaldi af því skjal ganga til undirritunar þessu til staðfestingar.

Nú tóku til máls gestir fundarins þau Theódór Ingi og Sigríður Helga endurskoðendur frá KPMG og lögðu þau fram skjalið „VR endurskoðunarskýrsla 2018“ og fóru yfir efni skýrslunnar á slæðum.

Í máli þeirra kom m.a. fram að endurskoðun þeirra sé unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun og að þau staðfesti að skýrsla stjórnar VR uppfyllir kröfur laga. Niðurstaða endurskoðunar þeirra er sú að þau árita ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með fyrirvaralausri áritun.

Næst fóru þau yfir hvaða áherslur eru viðhafðar við endurskoðun, mikilvægismörk ásættanlegrar skekkju ofl.

Varðandi hættu á skekkju í tekjum félagsins er það mat þeirra að ekki séu til staðar hvatar eða þrýstingur á stjórnendur félagsins sem auki slíka hættu og prófuðu þau virkni eftirlitsþátta, gerðu greiningaraðgerðir, lögðu mat á framsetningu upplýsinga ofl. og leiddu rannsóknir þeirra ekki í ljós neina skekkju vegna rekstrartekna.

Þá fóru þau næst yfir mat verðbréfa, fjármunatekjur oph. og niðurstaðan er að engar skekkjur eða frávik eru frá fjárfestingarstefnu VR. Einnig var farið yfir upplýsinga- og öryggismál, upplýsingar sem skylt er að veita og önnur áhersluatriði. Nokkrar ábendingar voru sendar stjórnendum vegna kerfisstjóraaðgangs og aðgangs að fjárhagskerfi.

Loks ræddu þau Theódór Ingi og Sigríður Helga nokkur atriði varðandi persónuverndarlöggjöfina og breytingar á skattalögum 2018.

Nú tóku til máls félagslega kjörnir skoðunarmenn VR, þau Benedikt og Jóhanna S., og kom fram í máli þeirra m.a. að mikil vinna hafi farið í vinnu þeirra í þetta sinn. Þau hittu Stefán framkvæmdastjóra og Odd Gunnar sviðsstjóra ásamt Sigríði Helgu frá KPMG. Þá sendu þau Stefáni nokkrar fyrirspurnir sem svarað var fljótt og vel og gera þau engar athugasemdir við þau svör.

Þau sögðust hins vegar gera athugasemd við og vilja ræða mætingu stjórnarmanna á stjórnarfundi. Mætingu sé mjög ábótavant hjá amk 7 aðalmönnum en þeir sem kjörnir eru verði að gæta að því að mæta á fundi en svo beri einnig á því að sumir komi of seint á fundi eða fari snemma. Þetta verði að bæta.



Þá vildu þau benda á að samkvæmt starfsreglum stjórnar ætti að geta þess í fundargerð hver sé fjarverandi og hver hafi boðað forföll. Það þurfi þá að ræða breytingu á starfsreglum ef ekki á að framfylgja þessu.

Þau lýstu yfir ánægju með stofnun Styrkjanefndar VR sem hafi verið mjög þarft þar sem mikill tími stjórnar hafi farið í umfjöllun um styrkjamál.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór öllum gestum fundarins fyrir þeirra framlag og vinnu og viku gestir af fundi kl. 18:25

Hér óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarins fyrir breytingu á auglýstri dagskrá, þannig að 3. dagskrárliður „Samþykkt á endanlegri verkfallsboðun“ færist aftur og verði nr. 5 og númeraröð annarra dagskrárliða breytist samkvæmt því. Í staðin komi nýr dagskrárliður nr. 3 sem fjalli um sameiningu Verslunarmannafélags Suðurnesja og VR.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Sameining Verslunarmannafélags Suðurnesja og VR**

Ragnar Þór sagði frá því að í dag hafi félagsmenn í Verslunarmannafélagi Suðurnesja (VS) samþykkt í atkvæðagreiðslu að sameina félagið VR. Var það samþykkt með 82,56% atkvæða. Óskar hann félagsmönnum öllum til hamingju með þessa ákvörðun.

Stefán fór nú stuttlega yfir sameiningarsamning félaganna á slæðum en honum svipar mjög til sambærilegra samninga þegar félögin í Vestmannaeyjum og á Suður- og Austurlandi sameinuðust okkur á sínum tíma. Við verðum áfram með skrifstofu í Keflavík og bætt verður við einum starfsmanni í vinnustaðaeftirlit.

Sameiningin og samningurinn verður svo lagt fram til staðfestingar á aðalfundi VR þann 27. mars nk.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykkis sameiningarsamning VS og VR.

Samþykkt samhljóða.

### **4. Kjarasamningagerð – staðan**

Ragnar Þór sagði frá því að boðaðar verkfallsaðgerðir okkar hafi verið samþykktar í atkvæðagreiðslu með 52,25% atkvæða en hann hafi í aðdraganda þess haldið marga fundi með starfsmönnum hótela og hópþreifreiðafyrirtækja sem verkföll taka til. Það er ljóst að róttækar aðgerðir Eflingar höfðu neikvæð áhrif á okkar fólk. Þess vegna minnkaði stuðningur við okkar aðgerðir. Þetta eru líka aðrir hópar hjá okkur t.d. millistjórnendur en



Efling gekk of hvasst fram, voru með alls kyns ásakanir t.d. um rasisma öþh sem féll í grýttan jarðveg.

Það er því ljóst að það eru skiptar skoðanir, ekki um kröfur okkar sem slíkar, heldur um framgöngu Eflingar.

Helga mætti hér til fundar kl. 19:00

Hann fundaði í dag með fulltrúum Almenna leigufélagsins þar sem rætt var um gerð langtímaleigusamninga fyrir fólkið okkar sem var í sambandi við okkur. Stendur til að kynna sérstaka 7 ára samninga þann 19. mars nk.

Í stjórnarkosningum í VR höfðu 2033 kosið kl. 16 í dag eða um 6%. Við hvetjum fólk til að kjósa.

Eftir að verkfall hafði verið samþykkt fór hann ásamt Vilhjálmi Birgissyni formanni Verkalýðsfélags Akraness í Karphúsið og tóku þeir púlsinn á viðræðum en Stefán framkvæmdastjóri hefur verið þar á fundum og unnið í okkar málum. Enn virðist vera unnið að útvíkkun dagvinnutímabils og öðrum vinnutímabreytingum ofl. sem Ragnar Þór sér fyrir að yrði fellt hjá okkur í atkvæðagreiðslu. Ragnar Þór og Vilhjálmur hittu líka Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra í gær og er verið að skoða möguleika þess að stjórnvöld komi aftur að þessu verkefni. Þeir muni hitta fulltrúa Eflingar og félagsins í Grindavík í fyrramálið. Það er fullur vilji til að koma að borðinu og taka stöðuna. Hann mun láta stjórn vita ef eitthvað þarf að ræða.

Umræður.

#### **5. Samþykkt á endanlegri verkfallsboðun**

Ragnar Þór fór yfir skjal um verkfallsboðun á slæðum en það hafði verið samþykkt af stjórn milli funda.

Umræður.

#### **6. Aðalfundur VR 27. mars 2019**

Stefán fór yfir helstu atriði á slæðum en þetta hafði verið kynnt hér á fyrri fundi. Breyting frá fyrri áætlun er að Rannveig Sigurðardóttir verður fundarstjóri og að tillaga um stjórnarlaun á að vera 48.908 kr.

Á fundinum verður svo lagt fyrir til samþykktar breytingar á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR og ný Reglugerð Orlofssjóðs VR sem báðar hafa verið samþykktar hér í stjórn.

Ragnar Þór lagði til að svo verði gullmerki félagsins afhent þeim Einari M. Nikulássyni fyrrum starfsmanni VR, Elíasi G. Magnússyni fyrrum starfsmanni



VR og Rannveigu Sigurðardóttur fyrrum stjórnarmanni VR. Bar hann það nú upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Lagabreytingar

Stefán fór yfir fyrirhugaðar tillögur að lagabreytingum sem teknar verða fyrir á aðalfundi og lagði fram skjalið „Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund 2019“. Fyrirhugaðar breytingar eru eftirfarandi og var tillaga nr. 3 lagfærð af fundarritara eftir ábendingu frá Ingibjörgu Ósk um rétt heiti Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga:

### Tillögur að lagabreytingum fyrir á aðalfundi 2019 (breytingar í **rauðu** lettri)

#### Tillaga 1.

14. gr. Trúnaðarráð

2. mgr. „Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar **og varastjórnar**, stjórnir deilda ....

Í núverandi lögum kemur ekki fram að varamenn stjórnar VR sitji í trúnaðarráði. Rétt þykir að þeir séu hluti af trúnaðarráði þar sem þeir hafa verið kosnir með formlegum hætti til trúnaðarstarfa í félaginu.

#### Tillaga 2.

### 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins **og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórnar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi**. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

#### Tillaga 3.

1. gr. Heiti, starfssvæði



Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, **Reykjanesbæjar**, **Grindavíkurbæjar**, **Suðurnesjabæjar**, **Sveitarfélagsins Voga**, Vestmannaeyja, Árnassýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðahrepps, Borgarfjarðahrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessar lagabreytingatillögur fyrir aðalfund VR 2019 upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Undir þessum dagskrárlið stakk Ingibjörg Ósk uppá því að laganefnd myndi á næstu misserum leggja drög að lagabreytingu varðandi hæfi stjórnarmanna sem væri á þá leið að því hæfisskilyrði yrði bætt við lögin að viðkomandi yrði að hafa starf á starfssviði VR að aðalstarfi.

Var tekið undir þessa tillögu hennar og málinu vísað til laganefndar til úrvinnslu á komandi starfsári.

#### **8. Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna**

Stefán lagði fram skjalið „*Tillögur – Breytingar á samþykktum LV – Febrúar 2019 – undirritað*“ og fór lauslega yfir efni þess á slæðum. Þetta eru tillögur stjórnar LV til breytinga á samþykktum sjóðsins og verður þetta kynnt á fundi sem haldinn verður þriðjudaginn 26. mars nk þar sem við getum komið fram athugasemdum. Hér lagt fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 20:45  
Árni Leósson, fundarritari